

## Stjórn slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Ár 2015, föstudaginn 16. janúar var haldinn 143. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 9.00. Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Haraldur L. Haraldsson og Sigurður Björn Blöndal. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri. Ágúst Þorbjörn Þorbjörnsson og Birgir Björn Sigurjónsson sátu fundinn undir lið 2. Fundarritari var Birgir Finnsson.

### Þetta gerðist:

#### 1. Neyðarstjórnir sveitarfélaga

Slökkviliðs- og varaslökkviliðsstjóri kynntu fyrirhugaðar skrifborðsæfingar fyrir neyðarstjórnir sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, sem haldnar verða í mars.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað SHS: Neyðarstjórnir sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Dags. 14. janúar 2015.

*Afgreiðsla:* Kynning.

#### 2. Rekstrarúttekt byggðasamlaganna

Lagð voru fram verklýsing fyrir rekstrarúttekt á byggðasamlögum Strætó bs., Sorpu bs. og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. ásamt verk- og kostnaðaráætlun fyrir sama verkefni. Ágúst Þorbjörn Þorbjörnsson frá Framsækni og Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar, kynntu hvað felst í slíkri rekstrarúttekt.

Eftirfarandi lagt fram:

- SSH. Verklýsing fyrir verkefnið: Rekstrarúttekt á byggðasamlögum Strætó bs., Sorpu bs. og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. Ódagsett.
- SSH. Verk- og kostnaðaráætlun fyrir verkefnið: Rekstrarúttekt á byggðasamlögum Strætó bs., Sorpu bs. og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. Ódagsett.

*Afgreiðsla:* Samþykkt.

#### 3. Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 20. febrúar 2015.

**Fundi slitið kl. 10.00**

Ármann Kr. Ólafsson

Sigurður Björn Blöndal  
Gunnar Einarsson  
Haraldur L. Haraldsson

Ásgerður Halldórsdóttir  
Haraldur Sverrisson

Fylgiskjöl:

- Minnisblað SHS: Neyðarstjórnir sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Dags. 14. janúar 2015.
- SSH. Verklýsing fyrir verkefnið: Rekstrarúttekt á byggðasamlögum Strætó bs., Sorpu bs. og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. Ódagsett.
- SSH. Verk- og kostnaðaráætlun fyrir verkefnið: Rekstrarúttekt á byggðasamlögum Strætó bs., Sorpu bs. og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. Ódagsett.